

## Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

81. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 27. ágúst 2018  
klukkan 20: 30

Mættir: Katrín Gunnarsdóttir, Rannveig Bjarnadóttir, Lilja Magnúsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir

Formaður nefndarinnar Katrín Gunnarsdóttir setur fundinn.

1. Nefndin skiptir með sér verkum. Formaður nefndarinnar, Katrín Gunnarsdóttir, leggur til að varaformaður verði Rannveig Bjarnadóttir og Lilja Magnúsdóttir verði ritari. Það er samþykkt.

2. Sandra Brá sveitarstjóri fer yfir hlutverk menningarmálanefndar, erindisbréfið lesið, rætt um ritun og frágang fundargerða og að lokum farið yfir fjárhagsstöðu málaflokksins og helstu verkefni. Héraðsbókasafnið Kirkjubæjarklaustri er sú stofnun sem er undir menningarmálanefnd og er í málefnum safnsins farið eftir lögum um bókasöfn. Sandra Brá vísar af fundi.

3. Rætt um verkefni framundan og ber þar hæst Uppskeru- og þakkarhátíð Skaftárhrepps. Ákveðið er að halda hátíðina fyrstu helgina í nóvember 2018. Rætt um mögulega dagskrárliði og fyrirkomulag hátíðarinnar en engar endanlegar ákvarðanir teknar.

4. Katrín Gunnarsdóttir, formaður, leggur fram kynningu á verkefni sem Vera Roth hefur verið að vinna og varðar uppbyggingu Strandminjasafns á Hnausum í Meðallandi. Allir nefndarmenn eru samþykkið því að verkefnið sé mjög áhugavert og er nefndin tilbúin að veita því sinn stuðning í því formi sem samrýmist hlutverki menningarmálanefndar.

5. Rætt um hátíðina sem verður haldin 1. des til að minnast þess að hundrað ár eru frá Kötlugosi og fullveldi Íslendinga. Kirkjubæjarstofa sér um það verkefni og hefur nú þegar aflað styrkja og ráðið fólk til að vinna það verkefni. Þeir sem taka þátt í verkefninu með Kirkjubæjarstofu eru: Kirkjubæjarskóli, Leikskólinn Kæríbær, Friður og frumkraftar og Skaftárhreppur. Starfsmaður frá Vatnajökulsþjóðgarði hefur einnig tekið þátt í undirbúningi. Menningarmálanefnd fagnar því að verkefnið er komið af stað og mun fylgjast með framgangi þess og taka þátt ef á þarf að halda.

Fundi slitið 22:00

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir

Lilja Magnúsdóttir  
Rannveig Bjarnadóttir

Katrín Gunnarsdóttir